

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 12

Dags. 4.12.2006

12. fundur Félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar haldinn á Fosshóli 4. desember 2006 kl. 20:30.

Mætt voru: Hólmfríður Eiríksdóttir, Jón Þ Óskarsson, Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson, Þuríður Sveinsdóttir og Hlöðver P Hlöðversson sem mætti kl.21:15. Þuríður ritar fundargerð.

1. Fundarsetning. Formaður setti fund og bauð velkomna gesti úr stjórn Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit. Samkvæmt bréfi frá sveitarstjórn varðandi félagsmál eldri borgara er félagsmálanefnd falið að marka framtíðarstefnu um fyrirkomulag þeirra mála. Líflegar umræður urðu um félagsmál eldri borgara.

2. Tillögur að starfsskipulagi nefndarinnar ræddar og samþykktar.

3. Fjárhagsstaða skv.fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar í þeim flokkum sem nefndina varðar. Eftir til ráðstöfunar er ca. 500 þúsund af styrkjum sem áætlaðir voru til menningarnefndar og æskulýðs-og íþróttanefndar.

4. Erindi frá UMF Bjarma tekið fyrir en því var frestað á síðasta fundi. Í erindinu er farið fram á styrk á móti álögðum fasteignagjöldum af eignum félagsins á Bjarmavelli. Jón vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt var að veita UMF Bjarma 15.205 kr. styrk.

5. Styrkbeiðnir.

a) Erindi frá Herði Þ. Benónýssyni v. uppsetningar og leikritunar á Rembu. Samþykkt að veita Herði kr.50.000.

b) Erindi frá Símoni Hjalta Sverrissyni v. kaupa á skanna til vinnslu gamalla mynda. Erindinu hafnað

c) Erindi frá Rakeli Sigurgeirsdóttur vegna heildarútgáfu ljóða Guðfinnu Jónsdóttur frá Hömrum. Erindinu hafnað.

d) Erindi frá UMF Eflingu v. íþróttastarfs. Samþykkt að veita Eflingu 100 þúsund kr.

e) Teknar fyrir styrkbeiðnir tveggja ungmenna vegna æfingaferða. Erindinu hafnað. Ákveðið að styrkja fremur ungmennafélögin beint.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl.00:30

Hólmfríður Eiríksdóttir
Jón Þ Óskarsson
Þuríður Sveinsdóttir

Hlöðver P Hlöðversson
Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson